

Nýtum og njótum

LÝSING LEIKSINS

Þessi leikur er vistvæn keppni allt til enda. Sá sem er fyrstur í mark vinnur leikinn.

Það þarf að minnsta kosti tvo keppendur til að spila leikinn, ásamt þessu spilaborði, teningi og leikmann fyrir hvern þátttakanda. Hægt er að nota mynt, lok, þurrkaðar baunir o.s.frv. sem leikmann.

Leikurinn byggist á 38 númeruðum reitum. Alls skera 18 þeirra sig úr, á sumum geta þátttakendur fært sig fram um reiti en á öðrum missa þeir úr kast eða fara aftur um reiti. Þátttakendur skiptast á að kasta teningnum og færa leikmennina sína í samræmi við það.

Til að ná í mark þarf kastið að skila leikmanninum nákvæmlega á síðasta reitinn. Ef kastið er herra þarf að færa leikmanninn aftur til baka um sama fjölda reita.

Áður en leikurinn hefst kasta allir þátttakendur teningnum og sá sem fær hæstu töluna byrjar.

